

## REGLUR

186

12. okt.

um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

### I. KAFLI

#### Farþega- og vöruflutningaskip.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um útbúnað skipa, sem eru í siglingum frá Íslandi til annarra Norðurlanda, eða til landa þeirra þjóða, sem í ófriði eiga.

#### 1. gr.

Öll íslensk skip — að undanskildum fiskiskipum — sem í förum eru milli landa í Evrópu eða til þjóða, sem eiga í ófriði, skulu hafa bjargtæki og bjargbáta eins og segir í alþjóða samþykktinni.

Sérhver bjargbátur skipsins skal, auk hins fyrirskipaða útbúnaðar samkvæmt alþjóða samþykktum, hafa:

- a) Kork- eða kapokpúða úr lituðum segldúk meðfram hliðum bátsins og skulu þeir ná stafna á milli. Þeir skulu vera um 20 cm í þvermál um miðjuna og mjókka til endanna, og skulu þeir vel festir við bátinn.
- b) Skjólsegl úr léttnum og lituðum segldúk. Það skal falla vel við stefni og borðstokk bátsins og ná yfir  $\frac{1}{2}$  til  $\frac{2}{3}$  hluta af lengd hans. Ennfremur skal fyrir aftan skjólseglið með hliðum skipsins vera strengdur segldúkur um 30—40 cm á hæð og hann vel festur við borðstokkinn.
- c) 6 eldflaugar og 10 stokkar af storm-eldspýtum, hvort tveggja geymt í vatns-heldum umbúðum.
- d) Suðuáhald af viðurkenndri gerð.
- e) Í farþegaskipum skal einn af bjargbátum skipsins vera vélbátur. Í öllum bjargbátum skal vera hand- og austurdæla.

Öruggar ráðstafanir skulu gerðar til þess að neðri hjólklafanum (taliublökk-inni) verði fljótt og örugglega krækt úr um leið og báturinn kemur í sjóinn, t. d. með fallkrókum („Sliphager“).

#### 2. gr.

Auk þeirra bjargbáta, sem nefndir eru í 1. gr., skal skipið hafa 2. flokks bjargbáta eða bjargfleka nægilega stóra til að geta tekið alla á skipinu.

#### 3. gr.

Bjargbátar af 2. flokki skulu um gerð, útbúnað og farþegatölu fullnægja alþjóða ákvæðum, en þurfa þó ekki að hafa varaárar eða aðra varahluti.

Sem bjargfleka má nota fleka, sem fullnægja áðurgreindum alþjóðareglum, eða fleka af annarri öruggri gerð. Tala farþega, sem flekinn tekur, skal ákveðin eftir fyrrnefndum alþjóðareglum. Á bjargflekunum skal vera vatnsheldur fullt af góðu drykkjarvatni og brauðkassi, sem alltaf skal vera aðgengur, þó það snúi upp, sem niður á að vera, af flekanum.

#### 4. gr.

Bjargtækjum þeim, sem nefnd eru í 2. gr., þarf ekki að vera komið fyrir undir bátsuglum, en þau skulu höfð á þeim stað og þannig komið fyrir, að þau fljóti á sjónum, ef skipið sekkur. Bjargtæki þessi skulu hafa sjálfkveikjandi blýs, er kvikni á ljós um leið og bjargflekinn kemur í sjó.

186

12. okt.

5. gr.

Til viðbótar við þann forða, sem á að vera í bátunum, skal á aðgengum og vel vörðum stað í skipinu geymdur forði af niðursoðnu nýju kjöti í  $\frac{1}{2}$  eða  $\frac{1}{4}$  kg dósam, er sé 1 kg á mann. Ennfremur skulu vera 6 oliufatnaðir og 6 peysur eða aðrar heitar flíkur hafðar á sama stað.

6. gr.

Það skal vera hægt að stöðva aðalvélin, bæði frá vélarúmi og efsta þilfari, með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytið til mótorsins.

7. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en skipið fer inn á svæði, sem stríðshætta stafar af, láta eftirlita öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o. fl., svo að allt sé í lagi.

Skipstjóra ber, eftir því sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingarnar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

8. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

9. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að veita tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til, og það vegna ófriðarhættunnar virðist rétt og sanngjarnt.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessara reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

10. gr.

Þegar skip fer um ófriðarsvæði, eða þar sem tundurduflahætta er, skulu sérstakar ráðstafanir gerðar til öryggis skipshöfn og farþegum.

Af slíkum öryggisráðstöfunum má nefna:

1. Lokað sé öllum vatnsheldur hurðum og ljórum.
2. Bátahlífarnar takist af og bátarnir séu hvenær sem er hafðir tilbúnir til að síga á sjó.
3. Allir bátar og flekar, sem ekki eru undir bátsuglum, skulu hafðir eins tiltækir og frekast er unnt.
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu hvenær sem er vera tiltæk.

## II. KAFLI

### Fiskiskip.

11. gr.

Sérhvertt fiskiskip, sem er í förum milli landa í Evrópu eða til þjóða, sem eiga í ófriði, skulu hafa bjargtæki og bjargbáta eins og tekið er fram í tilskipun nr. 43 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

Auk þess skal sérhver bjargbátur skipsins hafa:

- a) Kork- eða kapokpúða, úr segldúk, meðfram hliðum bátsins, og skulu þeir ná stafna á milli, og vera um 20 cm í þvermál um miðjuna og mjókkandi til endanna.
- b) Skjólsegl úr léttum, lituðum dúk. Það skal falla vel að stefni og borðstokk báts-

ins og ná yfir ca.  $\frac{1}{2}$  lengd bátsins. Ennfremur skal fyrir aftan skjólseglið, með 186  
þliðum bátsins, vera strengdur segldúkur um 30—40 cm á hæð. 12. okt.

c) 6 eldflaugar og 6 stokkar af stormeldspýtum, hvort tveggja geymt í vatnsheldum umbúðum.

#### 12. gr.

Auk bjargbáta þeirra, sem nefndir eru í 11. gr., skal skipið hafa 2. flokks bjargbáta („Pontonbjargbáta“) eða bjargfleka, nægilega stóra til að geta tekið alla á skipinu.

Bjargbátar af 2. flokki skulu hvað gerð, útbúnað og fólkstölu snertir fullnægja alþjóða ákvæðum, en þurfa þó ekki að hafa varahluti eða árar. Sem bjargfleka má nota fleka, sem fullnægja áðurgreindum alþjóðareglum, eða fleka af annarri öruggri gerð. Um stærð og burðarmagn flekanna skal farið eftir alþjóðareglum. Á bjargfleknum skal vera vatnsheldur fullt af góðu drykkjarvatni og brauðkassi, sem alltaf skal vera aðgengur, þó það snúi upp sem niður á að vera, þegar flekinn fer í sjó, skal forði þessi nema 1 kg af brauði og 1 lítra af vatni á mann. Á bjargfleka hverjum skal vera minnst 1 sjálfkveikjandi blys.

#### 13. gr.

Til viðbótar við þann forða, sem á að vera í bátunum, skal á aðgengum og vel vörðum stað í skipinu geymdur forði af niðursoðnu nýju kjöti í  $\frac{1}{2}$  kg eða  $\frac{1}{4}$  kg dósum, og vera 1 kg pr. mann.

#### 14. gr.

Það skal vera hægt að stöðva aðalvélinar bæði frá vélarúmi og efsta þilfari, með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytismótorinn.

#### 15. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa, með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en skipið fer inn á svæði þar sem ófriðarhætta er, láta eftirlíta öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o. fl., svo að allt sé í lagi.

Skipstjóra ber, eftir því sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingarnar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

#### 16. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess, að þessum ákvæðum sé fullnægt.

#### 17. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að veita tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til, og það vegna ófriðarhættunnar virðist rétt og sanngjarnt.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessara reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

#### 18. gr.

Þegar skip fer um ófriðarsvæði eða þar sem tundurduflahætta er, skulu sérstakar ráðstafanir gerðar til öryggis skipshöfninni.

Af slíkum ráðstöfunum má nefna:

1. Lokað sé öllum vatnsheldum hurðum og ljórum.
2. Bátahlífarnar takist af, og bátar séu hvenær sem er hafðir tilbúnir til að síga á sjó.

- 186 3. Allir bátar og hjargflekar, sem ekki eru undir bátsuglum, skulu hafðir eins  
12. okt. tiltækir og frekast er unnt.  
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu hvenær sem er vera tiltæk.

19. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1939.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

187

12. okt.

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík nr. 121 27. nóvember 1934, sbr. breytingu á þessari samþykkt frá 19. júlí 1935 og 21. maí 1937.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar falli niður orðin „aðra en föstudaga“ og „en á föstudögum eigi síðar en kl. 8 síðdegis“.

2. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

2. málsl. 3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo: Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðan en kl. 1 síðdegis, en laugardaginn fyrir hvítasunnu má þó jafnan vera opið til kl. 4 síðdegis.

Föstudaga á tímabilinu 14. maí til 13. september má hafa opið til kl. 8 síðdegis.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. samþykktarinnar orðist svo: Alla almenna virka daga, þar á meðal föstudaga, sem engin undantekningarákvæði eru um í samþykkt þessari, til kl. 7 síðdegis. Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 14. september til kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. greinar samþykktarinnar komi inn ný málsg. svo hljóðandi:

Almenna helgidaga, aðra en stórhátíðir og almenna frídaga, má þó jafnan hafa opna aðalbúð hvers brauðgerðarhúss frá kl. 8 árdegis til kl. 5 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1939.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*